

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Peir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976–85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976–82 og af lánum sem tekin voru 1982–92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982–92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Lánþegi sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992 hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög frá Alþingi 16. maí 1997.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Björn Bjarnason
menntamálaráðherra.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000 með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „44.772 kg.“ í 5. mgr. 2. gr. kemur: 53.172 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.